

Alþingi
Erindi nr. P 130/1870
komudagur 16.4.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 15. apríl 2004

Efni: Stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985, með síðari breytingum, ÍSL-veðbréf, 829. mál.

Tilgangur frumvarpsins er að undanskilja hin nýju ÍLS-veðbréf, sem ætlað er að koma í stað fasteignaveðbréfa Íbúðalánasjóðs frá 1. júlí 2004, frá lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Í greinargerð er undanþágan rökstudd með því að lögin valdi óvissu og þörf fyrir aukinn vaxtamun. Leiðir Íbúðalánasjóðs til að mæta greiðsluerfiðleikum lántakenda séu fullnægjandi, þar sem hann hafi þrjár leiðir til að aðstoða lántakendur sína. Sjóðurinn geti skuldbreytt vanskilum í nýtt lán til allt að 15 ára, fryst lán í allt að þrjú ár þannig að engar greiðslur eru inntar af hendi af láninu í þennan tíma og loks lengt lánstíma viðkomandi lána um allt að 15 ár.

Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarp þetta verði að lögum. Í ljósi þess að lög 63/1985 eru barn síns (verðbólgu)tíma, og sett í kjölfar mesta misgengis milli launa og verðlags á síðari tímum, þá hlýtur að vera álitæfni hvort ekki eigi að nema lögin úr gildi. Kanna þyrfti hvort afnám laganna fái staðist gagnvart skuldunautum sjóðsins. Þær heimildir sem Íbúðalánasjóður hefur til að mæta greiðsluerfiðleikum eru mun markvissari og öflugri en þær aðferðir sem í lögum 63/1985 felast og gera þau í raun fullkomlega úrelt.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri